

## V. fundur

Fimmti fundur ETA deildar starfsárið 2006-2007 var haldinn 28. mars 2007 kl. 18:00 í Litlu Brekku þar sem snæddur var kvöldverður.

Mættar voru: Guðrún Hrefna, Kristín Ó., Hafdís, Magnea, Bergþóra, Bryndís G., Inga, Ingibjörg, Oddný, Guðbjörg, Auður.

Dagskrá:

1. Formaður, Guðrún Hrefna, setti fund og Oddný kveikti á kertum.
2. Orð til umhugsunar.  
Brugðið var aðeins út af venju, m.a. vegna mála sem þurfti að koma á framfæri og einnig vegna þess að það þurfti að takmarka fundartíma.  
Auður gerði grein fyrir störfum afmælisnefndar og framlags ETA deildar til afmælishátíðar DKG í Reykholti og voru fundarkonur beðnar að skrá minningarbrot á spjöld sem yrðu meðal þess sem sett yrði upp í Reykholti.
3. Skil nefnda.  
Hafdís gerði grein fyrir störfum félagsgjaldanefndar og ráðstöfun fjár sem er í samræmi við markmið samtakanna. Fjárhagsstaðan er góð. Guðrún Hrefna bar í kjölfarið upp þá tillögu að meira fé verði varið í námsstyrkjasjóð. Tillagan var samþykkt of var Guðrúnu Hrefnu falið að koma tillögunni á framfæri við Landssambandsstjórn.  
Ingibjörg gerði grein fyrir fyrir styrkjum og viðurkenningum sem hægt er að sækja um.  
Guðbjörg sagði frá störfum tengslanefndar um samskipti innan deildar og eflingu samstarfs við Landssamtökin.
4. Fyrirlestur  
Ingibjörg Símonardóttir fjallaði um málþroskaþrófið HLJÓM-2 sem er mælitæki til að greina málþroska 5 ára barna. Með því að greina málþroska barna snemma má koma til móts við þá nemendur sem lenda í erfiðleikum með lestur í upphafi grunnskólanáms. Vönduð rannsókn liggur að baki HLJÓM-2. Fyrirlestur Ingibjargar var hinn fróðlegasti og spunnust miklar umræður að honum loknum.

Fundi slitið kl.19.45.

Þetta sama kvöld kl.20.00 var stofnfundur nýrrar DKG deildar. Stofnfundardaginn bar upp á afmælisdag Landssambands DKG og voru allar konur í samtökunum hjartanlega velkomnar. Nokkrar ETA deildir þáðu það boð og áttu góða stund með systurum úr öðrum deildum.

Auður Torfadóttir skráði.